



Stjórn SSH 378. fundur

Mánudaginn 4. júní 2012 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Ásgerður halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson, Guðmundur Rúnar Árnason, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson Ármann Kr. Ólafsson, Guðný Ívarsdóttir og Snorri Finnbjörnsson
Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Sameiginlegt útboð á akstri fyrir fatlað fólk.

Á fundinn mætti Hörður Hilmarsson f.h. vinnuhóps vegna undirbúnings að sameiginlegu útboði sveitarfélaganna á akstri fyrir fatlað fólk, og gerði grein fyrir vinnu hópsins, skýrslu Verkís sem unnin var fyrir hópinn og fyrirbyggjandi tillögu um að gengið verði til sameiginlegs útboðs.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkti að kallað verði aftir afstöðu sveitarfélaganna til framhald máls í samræmi við þá tillögu sem kynnt var á fundinum.

2. Framtíðarhópur SSH

- a) Rætt var um fyrirhugaða ferð stjórnar SORPU sb. og stjórnar SSH til Norðurlandanna 10. – 13. júní nk. til skoðunar á mismunandi tæknilausnum við förgun úrgangs. Ferðin tengist m.a. vinnu framtíðarhóps SSH og stjórnar SSH við undirbúning að mótun nýrrar eigendastefnu fyrir byggðasamlagið
- b) Verkefnahópar SSH.
Fyrir lá minnisblað vegna vinnu stýrihóps SSH við greiningu á svörum og afstöðu aðildarsveitarfélaganna til tillagna verkefnahópa SSH, ásamt tillögu stýrihópsins um áframhald vinnu hópanna.
Stjórn samþykkti tillögu stýrihópsins.
- c) Skipan ráðgjafaráðs vegna sóknaráætlunar fyrirhöfuðborgarsvæðið.
Fyrir lá tillaga að fyrirkomulagi skipunar sérstaks ráðgjafaráðs sem starfa mun með framtíðarhópi SSH við mótun sóknaráætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið.
Stjórn samþykkti tillöguna.



3. Tillaga að samkomulegi um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Fyrir lágu afgreiðslur aðildarsveitarfélaganna á tillögu að samkomulagi um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins sbr. 1. mál 376. stjórnarfundar.

Tvær athugasemdir bárust vegna samningstextans, frá Mosfellsbæ og Kópavogsbæ.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti að gera breytingar á samningstextanum í samræmi við fram komnar athugasemdir, og að stjórnarmenn kynntu og fylgdu þeim breytingum eftir heima fyrir.

4. Erindi Skálatúnshéimilisins – tilboð um þjónustu vegna skammtímavistunar.

Fyrir lá erindi Skálatúnshéimilisins dags. 16. maí 2012 þar sem óskað er eftir viðræðum um mögulegt samkomulag um nýtingu sveitarfélaganna á húsnæði að Skálatúni fyrir skammtímavistun fatlaðs fólks.

Niðurstaða:

Málinu vísað til samráðshóps um þjónustu við fatlað fólk til skoðunar m.t.t. fyrirbyggjandi þarfar fyrir slíkt húsnæði.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:05